

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur / söngur – B.Mus.

Nomos Alpha og Kottos

Um Xenakis og verk hans fyrir einleiksselló

Ritgerð til B.Mus. prófs í sellóleik

Ragnar Jónsson

Haustönn 2017

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur / söngur – B.Mus.

Nomos Alpha og Kottos

Um Xenakis og verk hans fyrir einleiksselló

Ritgerð til B.Mus. prófs í sellóleik

Ragnar Jónsson

Kt.: 090294-2459

Leiðbeinandi: Einar Torfi Einarsson

Haustönn 2017

Útdráttur

Iannis Xenakis er eitt af róttækari tónskáldum síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Hann var lærður verkfræðingur og arkitekt, og sem slíkur var Xenakis fremstur í flokki hvað varðar beitingu stærðfræðilegrar hugsunar í tónsmíðum m.a. í því hvernig hann notfærði sér stærðfræðileg líkön sem lýsa tilviljanakenndri líkindadreyfingu, eða munstrum sem hægt er að lýsa tölfræðilega, en ekki segja nákvæmlega fyrir um (e. Stochastic Processes). Hann var einnig brautryðjandi í tónsmíðum með aðstoð tölvutækninnar.

Í þessari ritgerð tek ég fyrir tvö verka Iannis Xenakis fyrir einleiksselló, *Nomos Alpha* og *Kottos*, auk þess að fjalla um uppruna hans, uppvöxt, mótunarár og menntun. Ég fjalla stuttlega um hvort verk fyrir sig, tilurð þeirra og innihald, og svo ber ég þau stuttlega saman.

Í framhaldi af samanburðinum lagði ég verkin sem hlustunardæmi fyrir fjóra einstaklinga á ólíkum aldri og með mismunandi þekkingu og reynslu af vestrænni nútímatónlist. Í þessum viðtölum var ég að kanna hversu aðgengileg tónlist Xenakis er fyrir óvana áheyrendur nútímatónlistar, og einnig að leitast við að svara því hvort annað verkið væri aðgengilegra en hitt, og af hvaða ástæðum það gæti verið.

Abstract

Iannis Xenakis was one of the most radical composers to emerge from the second half of the 20th Century. Originally educated as an architect and civil-engineer, Xenakis was a pioneer of applying complex mathematical models to classical composition such as Stochastic Processes, which is an object of Probability Theory that deals with collections of random variables. He was also on the forefront of computer assisted composition.

In this paper we will be looking at Xenakis' two works for solo cello, Nomos Alpha and Kottos. I will depict their contents and origins shortly, and then draw a comparison between them.

Leading from my comparison of the works, I decided to conduct a small survey to investigate the immediate impact of Xenakis' music on the general audience – in this case four different people of varying age, that aren't necessarily acquainted with contemporary classical music on a regular basis. I also sought to answer the questions of how accessible the soundscape of Xenakis' music was upon first encounter, as well as to discover whether either one of the pieces could be considered more accessible than the other, and for what reasons it would be considered so.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1. Tónskáldið.....	8
1.1. Ævi Xenakis.....	8
1.2. Tónlist- áhugi og nám.....	9
1.3. Selló í tónsmíðum Xenakis.....	10
2. Kottos og Nomos Alpha.....	10
2.1. Nomos Alpha.....	10
2.2. Kottos.....	15
2.3. Samanburður- líkt og ólíkt (upplifun flytjanda vs. áheyrenda).....	17
3. Hlustun og viðtöl.....	20
3.1. Útdráttur úr viðtölum.....	20
3.2. Viðtölin í heild.....	24
3.3. Niðurstaða úr viðtölum	33
Lokaorð.....	34
Heimildaskrá.....	36

Inngangur

Iannis Xenakis (1922 – 2001) er í mörgu tilliti einfari og utangarðsmaður meðal framsækinnna tónskálda á seinni hluta tuttugustu aldar. Hann á sterkar og djúpar rætur í forn-grískri menningu og bjó að klassískri mótun í bókmenntum, raungreinum og ekki síst tónlist. Hann var mikill íþróttamaður á yngri árum og var alla ævi að keppa að því marki að yfirstíga eigin takmarkanir og finna leiðir til að víkka ramma hins mögulega¹ og vílaði ekki fyrir sér erfiðleika, mótlæti og einangrun í viðleitni sinni². Þess sér stað í verkum hans, sem byggja oft á alveg nýrri, áður óreyndri nálgun og gera mörg hver „ólympískar“ kröfur til flytjenda.

Xenakis sótti innblástur í gríska menningu, en bjó stærstan hluta ævi sinnar utan heimalandsins. Hann flýði til Parísar undan harðstjórn heimafyrir og fékk síðan franskan ríkisborgararétt. Hann var því maður tveggja ríkja, en í raun útlendingur í báðum. Hann unni Grikklandi, en tengsl hans við landið voru sködduð eftir átök og umrót Seinni-Heimsstyrjaldarinnar, og sjálfur bar hann bæði andleg ör og líkamslýti af þeim völdum. Evrópa og evrópsk menning voru líka laskaðar og það var mikil krafa uppi um að reisa nýtt á rústum þess gamla, hvort sem var um að ræða borgir, mannvirki, eða listgreinar. Xenakis tók þátt í þeirri endurreisn sem framsækinn arkitekt og verkfræðingur³.

Það má með nokkrum rétti segja að Xenakis hafi tekið sér fyrir hendur að gera það í tónlistinni, sem abstrakt-stefnan gerði í myndlist eftir stríðið. Það má líka segja að hann sé utangarðsmaður, vegna þess að hann kom ekki „réttu leið“ inn í heim tónlistarinnar þar sem hann var arkitekt og verkfræðingur að mennt og starfaði sem slíkur framan af ævinni. Hann leggur gjarnan líka lögmál stærðfræði og byggingarlistar til grundvallar tónsmíðum sínum. Hann sækir líka hugmyndir og innblástur til forn-grískra fræða, heimspeki og goðafræði og sækir sér þar með efnivið til frumlegrar nýsköpunar að dýpstu rótum evrópskrar menningar.

Ég man ekki eftir mínum fyrstu, eiginlegu kynnum af tónlist Xenakis, en ég hrífst æ meir af henni því sem ég kemst oftar í tæri við hana. Mér finnst erfitt að orða hvað það

¹ Sharon Kanach 2010:ix

² Bálint András Varga 1996:4

³ Bálint András Varga 1996:22

er við tónlist Xenakis sem ég heillast af, en það virðast vera einhverskonar forneskjuleg öfl að verki í henni sem tala til einhverra frumþátta í sjálfum mér - eitthvað ósveigjanlegt sem ekki biðst afsökunar á tilveru sinni og gildum. Sterkast hef ég fundið fyrir þessari tilfinningu við fyrstu hlustun á þrjú af verkum hans, en þau eru *Charisma* (1971) fyrir klarinett og selló, *Psappha* (1975) fyrir slagverk, og *Kottos* (1977) fyrir einleikselló. Mér lék forvitni á að kanna hvort svona tormelt tónlist höðfi til annars fólks, og á hvern hátt hún gerir það, ef hún gerir það yfirleitt.

Í þessari ritgerð tek ég fyrir tvö verka Iannis Xenakis fyrir einleikselló, *Nomos Alpha* og *Kottos*, sem mér fannst liggja beint við þar sem ég er sellóleikari. Síðan fjalla ég um uppruna hans, uppvöxt, mótunarár og menntun. Ég fjalla stuttlega um hvort verk fyrir sig, tilurð þeirra og innihald, og svo ber ég þau saman.

Í framhaldi af samanburðinum lagði ég verkin sem hlustunardæmi fyrir fjóra einstaklinga á ólíkum aldri og með mismunandi þekkingu og reynslu af vestrænni nútímatónlist. Spurningin sem ég leitast við að svara er tvíþætt:

1. Hversu aðgengileg er tónlist Xenakis fyrir mis-vana áheyrendur nútímatónlistar?
2. Er annað verkið aðgengilegra en hitt, og af hvaða ástæðum gæti það verið?

1. Kafli - Tónskáldið

1.1. Ævi Xenakis

Xenakis fæddist í Bráila í Rúmeníu 29. maí 1922. Foreldrar hans voru ekki tónlistarfólk, en þau voru bæði tvö miklir tónlistarunnendur, og tónskáldið minntist þess að það var móðir hans sem kom honum í kynni við tónlistina. Hún féll hins vegar frá þegar tónskáldið var aðeins fimm ára gamalt. Móðurmissirinn var Xenakis eðlilega mikið áfall, sem skildi eftir sig djúp ör á barnssálinni. Xenakis flutti árið 1938 til Aþenu til að stunda nám í arkitektúr og verkfræði. Tveimur árum seinna fékk hann inngöngu við Tækniháskólann í Aþenu (the National Technical University of Athens), en snöggur endir var bundinn á nýbyrjað námið, þegar Ítalir réðust inn í Grikkland 28. október 1940. Hann gekk til liðs við Grísku Þjóðfrelsisfylkinguna (Greek National Liberation Front, eða ELAS) árið 1941 og tók þátt í fjöldamótmælum, og varð síðar meðlimur hernaðararms hreyfingarinnar. Hann særðist í götubardaga við Breta árið 1944 þegar sprengjubrot úr skriðdreka lenti í vanga hans. Það gengur kraftaverki næst að hann skyldi lifa af, en andlit hans var afmyndað vinstra megin og hann missti alveg sjón á því auga. Tónskáldið segir þessa reynslu sína af Seinni - Heimsstyrjöldinni vera einn stærsta áhrifavald á tónlist sína, eða eins og hann greinir frá sjálfur í einu af viðtölum hans og Bálint Andrés Varga:

„...Ég hlustaði á hljóðið frá fjöldanum sem þrammaði í áttina að miðborg Aþenu, slagorðahrópin og síðan, þegar skriðdrekar Nasista urðu á vegi fólksins, slitrótt vélbyssugeltið, ringulreiðina. Ég mun aldrei gleyma umskiptunum frá háttbundnum, taktföstum kliðnum frá hundruðum þúsunda manna sem breyttist í einhverskonar stórfenglega óreiðu... Það hefði aldrei hvarflað að mér að það ætti einn góðan veðurdag eftir að koma upp á yfirborðið og verða að tónlist.“⁴

Verkið sem átt er við er hljómsveitarverkið *Metastasis* frá 1954, sem tónskáldið minnst sem eiginlegs upphafs tónsmíðaferils síns.

⁴ Bálint Andrés Varga 1996:52

Meðan hann starfaði með Grísku Þjóðfrelshreyfingunni sótti hann kennslu við Tækniháskólann og lauk þaðan verkfræðiprófi 1947. Þá var hann kallaður í herinn. Þetta sama ár byrjaði gríska stjórnin að fangelsa og lífláta fyrrum andspyrnumenn. Xenakis óttaðist um líf sitt, flúði Grikkland og endaði sem pólitískur flóttamaður í París. Hann fékk franskan ríkisborgararétt árið 1965 og hélt honum til æviloka. Honum tókst að fá vinnu í París sem aðstoðar-byggingarverkfræðingur á arkitektastofu hins fræga frumkvöðuls nútíma byggingarlistar Le Corbusier, en fór fljótlega að láta meira að sér kveða innan fyrirtækisins, og vann náið með Le Corbusier sjálfum við stærri verkefni svo sem Philips-skálann (Philips-raftækjarisans) á heimssýningunni 1958 í Brussel.

1.2. Tónlist – áhugi og nám

Tónlist var það áhugamál sem Xenakis ræktaði hvað helst um ævina. Hann var að mestu leiti sjálflærður á því sviði, en hlaut sína eiginlegu tónlistarmenntun í virtum, einkareknum heimavistarskóla á grísku eyjunni Spetses. Þangað flutti hann tíu ára gamall eftir andlát móður sinnar. Hann lærði grundvallaratriði í tónfræði, að lesa og skrifa nótur, og hann söng í drengjakór skólans þar sem hann var umvafinn af hljóðheimi hefðbundinnar grískrar tónlistar og kirkjutónlist austurkirkjunnar daginn út og inn. Seinna meir, þegar hann starfaði sem byggingaverkfræðingur í París, tók hann upp þráðinn á ný og lærði frekari hljómfraði og tónsmíðar. Tónlistarnám hans þessi misseri í París gekk upp og ofan, vægast sagt, þar sem nær allir kennarar, sem hann leitaði til varðandi leiðbeiningar í tónsmíðum, ráku hann öfugan á dyr. Þar má nefna tónskáldin Nadia Boulanger, Darius Milhaud og Arthur Honegger, sem sýndu tilraunum hans engan áhuga og vísuðu þeim frá með þeim orðum að þetta væri „ekki tónlist“⁵. Það var ekki fyrr en fundum hans og Olivier Messiaen bar saman, að honum var sýndur einhver skilningur. Messiaen kom strax auga á hæfileika Xenakis til frumlegrar sköpunar, sem rekja mátti til bakgrunns og menntunar hans. Xenakis sótti kennslu hjá Messiaen á árunum 1951-1953. Messiaen hvatti hann til að nýta sérhæfða þekkingu sína af stærðfræði og lögmálum byggingarlistarinnar og freista þess að virkja þau svið í tengslum við tónlist, að nota þau sem verkfæri til að meðhöndla tónlistarefni. Það er á þessu tímabili, sem Xenakis finnur „sína eigin rödd“ (sinn tón) og semur sín fyrstu burðarverk⁶.

⁵ Bálint András Varga 1996:27

⁶ Bálint András Varga 1996:31

Frá og með 1957 varð Xenakis smám saman þekktari og fór að öðlast viðurkenningu í listheiminum sem tónskáld, og árið 1959 sagði hann upp hjá Le Corbusier til að einbeita sér að tónsmíðum, rannsóknum á raftónlist og kennslu. Hann kenndi m.a. við Indiana Háskólann í Bloomington frá 1967 – 1972, og var gestaprófessor við Sorbonne 1973 – 1989.

Árið 1963 voru helstu kenningar hans gefnar út í ritinu „*Musique formelles*“, sem voru síðan þýddar og gefnar út á ensku undir nafninu „*Formalized Music: Thoughts and Mathematics in Composition*“ árið 1971. Ritið var síðan endurútgefið 1992. Efni þess eru samanteknir textar um það hvernig nýta megi stærðfræðikenningar og tölvuforritun í tónsmíðum, og tónsköpun yfir höfuð.

Frá og með árinu 1997 fór heilsu hans hrakandi og hann varð óvinnufær. Hann lést 4. febrúar 2001 eftir nokkurra ára alvarleg veikindi.

1.3. Selló í tónsmíðum Xenakis

Sellóið birtist í stærri hlutverkum í 27 tónverkum eftir Xenakis – þar með talin eru einleiks- og kammerverk. Hann skrifaði tvö verk fyrir einleiksselló, sem fjallað verður um hér í næsta kafla, *Nomos Alpha* og *Kottos*.

Sellóið kemur fyrir í fjórum dúó-stykkjum (*Dhipli zyia* fyrir fiðlu og selló frá 1951, *Charisma* fyrir klarinett og selló frá 1971, *Paille in the Wind* fyrir selló og píanó frá 1992, og *Roscobeck* fyrir selló og kontrabassa frá 1996), fjórum strengjakvartettum (*ST/4, I-080262* frá 1956-1962, *Tetras* frá 1983, *Tetora* frá 1990, *Ergma* frá 1994), og síðan er stykkið *Retours-Windungen* frá árinu 1976 skrifað fyrir tólf manna sellósveit.

2. Kafli – Kottos og Nomos Alpha

2.1. Nomos Alpha

Nomos Alpha, sem þýða mætti sem „reglur/lögmál“, en líka „sértæk laglína“ eða „háttur“, er skrifað á árunum 1965-1966, og er fyrsta tónsmíð Xenakis fyrir einleikshljóðfæri. Það var skrifað fyrir þýska sellistann og pedagóginn Sigfried Palm, sem var einn fremsti flytjandi nýrrar-sellótónlistar á sínum tíma. Verkið var pantað af þýsku útvarpsstöðinni Radio Bremen. Til að halda á lofti þeim grundvallar-kenningum og nýju verkferlum, sem lágu að baki þessu verki, þá tileinkaði tónskáldið það Aristoxenes, forn-

grískum hugsuði, og Evariste Galois og Felix Klein, stærðfræðingum, sem höfðu unnið mikið með grúpufræði (e. group-theory). Nomos Alpha er bitastætt verk, um sautján mínútur að lengd. Eðli tónlistarinnar er brotkennt og krefst gífurlegrar, tæknilegrar getu af hálfu flytjandans. Tónskáldið þenur ramma viðfangsefnisins í allar áttir.

Fyrir utan eigin greiningar tónskáldsins á verkinu eru tvær greinar sem eru hvað helst hjálplegar við að skilja samsetningu og form Nomos Alpha. Greinin „Iannis Xenakis“ Nomos Alpha: The Dialectics of Structure and Materials“ eftir Thomas Delio lýsir uppbyggingu verksins í smáatriðum, á meðan greinin „Nomos Alpha for violoncello solo (Xenakis, 1966): Analysis and Comments,“ eftir Jan Vriend veitir gleggri sýn á stærðfræðihugtökin sem Xenakis styðst við í tónsmíðinni.

Nomos Alpha, samkvæmt greiningu Thomas Delio, er samsett úr 24 hlutum, eða metrískum einingum sem innihalda ákveðinn fjölda takta, sem er síðan skipt niður á tvö samliggjandi lög, eða „Lag I“ og „Lag II“. Hver hluti táknar eina af 24 leiðum sem teningur getur umbreytt, eða umhverfst, í sjálfan sig, þegar honum er snúið um sjálfan sig. Lag I samanstendur af öllum þeim hlutum sem ekki er hægt að deila með fjórum, á meðan Lag II inniheldur fjórða hvern hluta. Skiptist þetta þá þannig að það eru átján hlutar (1 2 3, 5 6 7, 9 10 11, 13 14 15, 17 18 19, 21 22 23) sem tilheyra Lagi I, og hinir sex (4, 8, 12, 16, 20, 24) tilheyra Lagi II⁷.




Fig. VIII-6. Hexahedral (Octahedral) Group

8

⁷ Thomas DeLio 1980:63

⁸ Iannis Xenakis 1992:220. Myndin sýnir þær 24 leiðir sem teningur getur umhverfst í sjálfan sig þegar honum er snúið.

Í Lagi I nýtir tónskáldið sér grúpufræði (e. group-theory), sem er stærðfræðikenning sem ákvarðar og lýsir munstrum, í þessu tilviki hvernig einslaga teningur umhverfist við að snúast um sjálfan sig. „Grúpa“, í stærðfræðilegum skilningi, þarf að innihalda lokun (eitthvað sem lýkur ferlinu), eiginleikaþátt, andhverfu/ur og tengilögmál til að teljast gild. Hann beitir síðan stærðfræðikenningunni til að valda umbreytingum innan 8 „hljóðflækja“ (e. Sonic Complexes) sem hann hafði skapað. Hljóðflækjurnar eru eftirfarandi:

S1= Ósamhæft ský „hljóðpunkta“.

(e. Stochastic cloud of sound points)

S2= Frekar reglulega rísandi og hnígandi ský af hljóðpunktum.

(e. Relatively ordered ascending or descending cloud of sound points)

S3= Frekar reglulegt ský af hljóðpunktum sem hvorki eru rísandi né hnígandi

(e. Relatively ordered cloud of sound points, neither ascending nor descending)

S4= Ósamhæft svæði „hljóðrennslis/skriðs“.

(e. Ataxic field of sliding sounds)

S5= Frekar reglulega rísandi og hnígandi ský af hljóðrennslis/skriði.

(e. Relatively ordered ascending or descending field of sliding sounds)

S6= Frekar reglulegt ský hljóðrennslis/skriðs, hvorki rísandi né hnígandi.

(e. Relatively ordered field of sliding sounds, neither ascending nor descending)

S7= Atóm túlkað með sellói með hálf-einradda truflunum.









(e. Atom represented on a cello by interferences of a quasi-unison)

S8= Jónað atóm túlkað með sellói með truflunum og meðfylgjandi „pizzikatóum“.

(e. Ionized atom represented on a cello by interferences, accompanied by pizzicati)⁹

⁹ Iannis Xenakis 1992:222

Table 14

Gesture	a. Legato	b. Staccato
1. An ordered collection of sounds, neither ascending nor descending	1a 	1b 
2. An ordered collection of sounds, either ascending or descending	2a 	2b 
3. A disordered collection of sounds, ascending or descending	3a 	3b 
4. Sustained sounds with aberrations	4a 	4b 

10

Lag II á hinn bóginn er sett saman með allt aðra hugmynd að baki. Hann beitti engum stærðfræðihugtökum til þess að móta þá hluta sem tilheyra þessu lagi, heldur átti hann við efniviðinn, sem eru hljóðflækjurnar, alfarið sjálfur (s.s. án ytri forsenda svo sem hópakenninga), með það í huga að koma af stað og viðhalda stöðugri, flæðandi hreyfingu í tónlistinni. Lag I og Lag II einkennast hvort um sig af andstæðum í styrkleika og tónsviði.

Þótt það sé hugsanlegt að Xenakis hafi fyrst komið fram með hugmyndina um að beita „sáld-kenningunni“ (e. Sieve-theory) í verkinu *Akrata* (1964-1965), þá var það ekki fyrir en skömmu áður en hann samdi Nomos Alpha að hann hafði fullmótað tæknina, sem varð ómissandi í tón-vopnabúri hans og mikilvægur hlekkur í verkinu. Sáldið er á vissan hátt svar Xenakis við tónum, ferhljómunum (e. tetrachords) og kerfi býsantískra tóntegunda. Það sem hann nær fram er aðferð þar sem taka má skipulega byggingu hljóðs (tónlegu, tímalengd, styrkleika o. s. frv.), allt sem kalla má reglulegt eða óreglulegt í því samhengi, til að smíða úr og setja aftur inn í skipulega framvindu umröðunar (e. permutations)¹¹. Með þessu er átt við að hann reynir að búa til skala, eða tónstiga, úr meiru en bara tónum. Allir aðrir eiginleikar hljóðs eru teknir fyrir, greindir, og raðað upp í svipað skipulag og tónstigar. Öllum þessum nýskipulögðu eiginleikum hljóðs má síðan raða niður línulega í

¹⁰ Thomas DeLio 1980:77. Myndræn framsetning af hljóðflækjum.

¹¹ James Harley 2011:42

óteljandi samsetningum, en sáldið hjálpar þá til við að velja og skipuleggja hvar og í hvaða samsetningum þessir eiginleikar raðast niður á línuna, s.s. „sigtar“ úr möguleikunum¹².

Table 4. The Sieve Method for Deriving a Major Scale.

period (12)	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12(0)
modulus 3(tr2)			x			x			x			x	
complement 3(tr2)	x	x		x	x		x	x		x	x		x
mod 4(tr0)	x				x				x				x
intersectionA	x				x								x
mod 3(tr1)		x			x			x			x		
comp 3(tr1)	x		x	x		x	x		x	x		x	x
mod 4(tr1)		x				x				x			
intersectionB						x				x			
union: A, B	x				x	x				x			
mod 3(tr2)			x			x			x			x	
mod 4(tr2)				x			x				x		
intersectionC			x								x		
union A, B, C	x		x		x	x				x			
mod 3(tr0)	x			x			x			x			x
comp 3(tr0)		x	x		x	x		x	x		x	x	
mod 4(tr3)				x				x				x	
intersectionD								x				x	
union A, B, C, D	x		x		x	x		x		x		x	x
itches (example)	C		D		E	F		G		A		B	C

13

Í Nomos Alpha er notað sáld sem byggir á kvarttónum og treikvarttónum. Xenakis bjó síðan til aðferð til að skipta niður umbreyttu sáldi á grundvelli kerfisbundinna snúninga þeirra stöðluðu eininga (e. moduli) sem notaðar eru í sáldunum (e.g. 3 og 4). Hann kallaði þessar framvindur, eða ferla „metabolae“, sem þýða mætti sem um- eða myndbreytingar¹⁴. Í Nomos Alpha, með gefinni heildar- lotutíðni 18, skapar Xenakis sáld úr stöðlum, sem dregnir eru af frumtölum lægri en 18 (5,7,11,13,17), og skapar hann umbreytingu með því að snúa sáldasetti sem er sett saman úr mismunandi pörunum af þessum fimm stöðlum¹⁵. Sjá hér:

¹² Bálint András Varga 1996: 93

¹³ James Harley 2011:43. Taflan sýnir hvernig C-dúr skali er settur up í sáld.

¹⁴ Iannis Xenakis 1992:199

¹⁵ Iannis Xenakis 1992:231

16

Hérna sjáum við fjóra mismunandi staði úr nótunum af verkinu þar sem sálda-settinu er snúið, og merkir tónskáldið líka inn í sviga hvaða þar af stöðlum eru í sáldasettinu hverju sinni.

2.2. Kottos

Árið 1977 samdi Xenakis annað verk sitt fyrir einleiksselló, *Kottos*. Xenakis skrifaði *Kottos* sem skyldustykki fyrir fyrstu Rostropovich selló-keppnina, sem var hluti af tónlistarhátíð tileinkaðri nýrri tónlist sem var haldin í La Rochelle í Frakklandi 1977, og maður að nafni Claude Samuel stóð fyrir. Mstislav Rostropovich sjálfur var formaður dómnefndarinnar, og var Xenakis einn af meðlimum dómnefndar. Spænski sellóleikarinn Lluís Claret hlaut fyrstu verðlaun, auk þess sérstök verðlaun fyrir besta fluttning af

¹⁶ Iannis Xenakis 1965:2,1,4

skyldustykkinu Kottos. Heiðurinn af frumflutningnum á Kottos átti þó enski sellóleikarinn Rohan de Saram, þ.e. hann kom fyrst fram í keppninni, og var þar með fyrstur til að flytja verkið á opinberum vettvangi. Rohan de Saram er kunnastur sem einn fremsti flytjandi nýrrar tónlistar, og skrifaði Xenakis m.a. verkið *Epicycle* fyrir selló og kammersveit handa honum. Auk þess starfaði hann sem sellóleikari margrómaða Arditti-strengjakvartettsins í fjöldamörg ár. Það er strengjakvartett sem hefur helgað sig fluttningi nýrrar tónlistar, og var með fyrstu atvinnu kammerhópunum sem tóku tónlist Xenakis upp á sína arma¹⁷

Kottos var einn af þremur risum úr grísku goðafræðinni, sem voru synir Úranusar, guðs himinsins, og Gaíu, gyðju jarðarinnar. Allir þrír börðust samhliða Seifi í stríði hans við Jötnana (e. Titans). Í könnunum sínum á mörkum hins óspilanlega, kallar tónskáldið fram goðsöguna í gegnum þær gífurlegu líkamlegu kröfur sem hann leggur á flytjandann í verkinu. Xenakis skrifar meðal annars í nóturnar að verkinu, að „hljóðin eigi yfirhöfuð, fyrir utan flaututónana, ekki að vera spiluð eða framkvæmd á fallegan eða ómpýðan hátt eins og maður er vanur, heldur eigi þau að vera hrjúf, hörð og full af hávaða.“ Það virðist svo sem Xenakis hafi verið að reyna að fanga hugmyndina um það að vera með hundrað arma, og þar með að vera fær um að gera marga hluti í einu. Það eru tærir lagrænir hlutar, sérstaklega undir lok verksins, en rytminn er lang mest áberandi eðlisþáttur þess. Í miðjunni tifar langur, tokkötulegur kafli samtímis hröðum púlsi. Tónlistin stekkur yfir víð tónbil (sets of notes) og leggur niður framvindu af tvígripum sem spanna sviðið milli opinna hljóma, hreinna tónbila og grófari, ómstríðra tóna.¹⁸

Verkið er margbrotið og fullt af smáatriðum. Það byggist á þáttum sem hafa skíra, samfellda framvindu, en með mörgum umbreytingum, tilvitnunum og tilbrigðum handan við notkunarmörk þeirra hljómeinda sem liggja til grundvallar. Sum formfræðileg álitamál og hljóð/hljómefni eru ekki aðeins skyld annarri kammertónlist fyrir strengi (þ.m.t. röð verka sem hann samdi á næstu árum á eftir), heldur bera þau einnig keim af öðrum tónlistarstefnum. Þótt það séu undantekningar frá þessu, verk þar sem Xenakis einbeitti sér að afmörkuðu umfjöllunarefni af einu eða öðru tagi, þá markar Kottos samt nýja stefnu í átt að flóknari byggingu og dýpri formskynjun¹⁹. Hann leitar víðar fanga varðandi gildi og gæði, sem hann fléttar í tónvefinn til að búa til skilyrði fyrir umbreytingar og andstæður -

¹⁷ Sharon Kanach 2010: 297

¹⁸ James Harley (vefheimild án ártals)

¹⁹ James Harley 2011:102

stórar sem smáar²⁰. Tónlistin býr yfir ómældum krafti, bæði ágengum og fagnandi. Helsta áskorun flytjandans er að sigrast á tæknilegum örðugleikum verksins svo að þetta afl komist til skila.

2.3. Samanburður – líkt og ólíkt (upplifun flytjanda vs. áheyrenda)

Helsti munurinn á Nomos Alpha og Kottos, eftir því sem ég fæ best séð, liggur í umfjöllunarefni hvarrar tónsmíðar fyrir sig, og hvernig umfjöllunarefnin móta vinnuferlin bakvið tilurð hvors verks. Nomos Alpha lætur grúpufræðina næstum alfarið ráða framvindu tónsmíðarinnar. Tónskáldið er búið að ákveða fyrirfram ákveðnar textúrur sem honum geðjast, en í hvaða röð textúrurnar koma, og er beitt í verkinu, ræðst næstum alfarið af lögmálum stærðfræðikenningarinnar og framvindu hennar í tíma og rúmi.

Kottos aftur á móti styðst ekki við neina sérstaka stærðfræðikenningu eða „utanaðkomandi vísindi“ við að ákveða form verksins, heldur reiðir hann sig á strangari, næstum hefðbundnari uppsetningu²¹, en innan hennar sýnist mér hann leyfa persónulegum innblæstri nokkurnvegin að ráða ferðinni við tilurð verksins – enda er umfjöllunarefni verksins öllu augljósara, jafnvel aðgengilegra, í samanburði við alla þá abstrakt hugsun sem ræður yfirleitt ferðinni í öðrum verkum tónskáldsins.

Mikið af tónlist Xenakis er mjög líkamlega og andlega krefjandi fyrir flytjandann, og eru Nomos Alpha og Kottos engar undantekningar. Verkin krefjast næstum íþróttamannslegs úthalds, sem gerir þau ekki að vinsælli verkum efnisskrár sellótónbókmenntanna. Tækniþrautirnar sem verkin bjóða upp á eru nánast óyfistíganlegar á köflum, ef ekki bókstaflega ómögulegar, sem neyðir flytjandann til að vera skapandi í hugsun til að finna færar leiðir við að uppfylla kröfurnar sem Xenakis setur fram, án þess að ganga líkamlega fram af sér. Verkin eru leikin af mjög fáum, hugrökkum sellóleikurum, sem eru þá frekar sérfræðingar og „nördar“ í þessum verkum. Hefðbundinni nálgun að hljóðfærinu er þó ekki alfarið hent út um gluggan, heldur er Xenakis að teygja rammann í allar áttir með forvitnum spurningum sínum um hvernig raddir, litir og blæbrigði spretta fram undir ákveðnum kringumstæðum, sem menn höfðu ekki endilega ímyndað sér flytjandann og hljóðfærið í. Arkitektúrinn að verkunum er einnig ofur flókinn, sem gerir það enn meira spennandi þegar maður uppgötvar nýja fleti á þeim sem maður hafði ekki

²⁰ James Harley 2011:102

²¹ James Harley 2011:42

gert sér grein fyrir áður, og dýpkar skilning sinn á verkunum. Frá sjónarhóli sellóleikarans finnst mér ég taka eftir að hann virðist reyna að semja sem mest út frá hljóðfærinu sjálfu, í staðinn fyrir að semja allt út frá píanóhljómborði, og tekst þannig að laða fram dulda möguleika hljóðfærisins þó að margt af því sé hreinlega óspilandi. Sjá hér:

22

Þetta er dæmi um óspilandi kaflabrot úr Kottos (bls. 3): Eintóm niðurstrok, hljómarnir ganga ekki upp fyrir flesta sellista, vegna þess að þeir eru ekki nógu handstórir. Tempómerkingin bætir þar ekki um - það er ómögulegt að mynda þessa hljóma á þessum hraða, og þetta á allt að vera **fff** að styrkleika út í gegn. Undir svona kringumstæðum þarf flytjandinn að þekkja nóturnar – „skorið“ sjálft - mjög vel, og síðan velja hvaða þætti hann vill leggja áherslu á. Skiptir t.d. rythmi eða flæði meira máli, en að koma öllum rituðum nótum skírt til skila?

Hér er annað sambærilegt dæmi úr Nomos Alpha (bls. 8):

²² Iannis Xenakis 1977:3



23

Þetta er dæmi um óspilanlegt brot þar sem flytjandinn þarf að „finna upp hjólið“. Hérna skrifar Xenakis tvær laglínur í gagnhreyfingu, sem spanna mest fimm og hálfu áttund sín á milli (sjá sjöunda takt frá Legatissimo). Sellóleikarinn Frances Marie Uitti notaði, að ráði Xenakis, upptöku af neðri línunni við fluttning þessara síðustu hendingar verksins, sem Uitti fjarstýrði með fótrofa í fyrstu, en hún fann síðan upp á því að leika þetta með tveimur bogum, öðrum undir og hinum yfir strengjunum, svo að vinstri höndin gæti sinnt sínu hlutverki nokkurnveginn ótrufluð. Xenakis var bæði hissa og hrifinn af þessari lausn.²⁴

Eigin upplifun:

Þegar ég hlusta á þessi verk, kemst ég ekki hjá því að hlusta á þau frá sjónarhorni tilvonandi flytjanda. Í þeim samanburði dregst ég meira að Kottos heldur en Nomos Alpha, þar sem mér finnst ég geta séð sjálfan mig missa mig meira í samfelldu, frumstæðu flæðinu. Einhver boðskapur í verkinu, ef hægt er að tala um boðskap, talar beinna til mín og vekur hjá mér sterkari viðbrögð tilfinningalega og sjónrænt, á meðan Nomos Alpha virkar þannig á mig við hlustun, að tilgangur þess sé fyrst og fremst að vera vitsmunalega áhugavert. Það er vísindaleg rannsókn á möguleikum þess að virkja saman stærðfræði á

²³ Iannis Xenakis 1965: 8

²⁴ Sharon Kanach 2010:337

háu plani og tónsköpun. Þetta er mín upplifun, en upplifir annað fólk nauðsynlega það sama? Til að leita svara við þeirri spurningu ákvað ég að gera litla hlustendakönnun.

3. Kafli – Hlustun og viðtöl

Ég lagði verkin fyrir sem hlustunardæmi í viðtölum við fjóra einstaklinga með mismunandi þekkingu af tónlist almennt. Aldursröð verkanna réði því að Nomos Alpha var lagt fyrir á undan Kottos. Í þessum viðtölum var ég að kanna hversu aðgengileg þessi verk Xenakis eru fyrir mis-vana áheyrendur vestrænnar nútímatónlistar, þar sem tónlist Xenakis er kannski helst þekkt fyrir að vera dálítið tormelt við fyrstu hlustun. Viðtölin/hlustunarprófin fóru fram 25. –og 27. nóvember 2017 . Hlustendurnir voru á ólíkum aldri, og misreyndir hvað varðar áheyrn á nútímatónlist. Þeir eiga það þó sameiginlegt að vera allir tónlistarunnendur, sækja tónleika reglulega, auk þess sem börnin hafa stundað tónlistarnám frá unga aldri og stunda enn. Yngsti hlustandinn og viðmælandinn er 10 ára stúlka sem hefur spilað á fiðlu frá þriggja ára aldri, meðan sá elsti er 71 árs gamall bygginvarverkfræðingur á eftirlaunum. Viðtölin fóru þannig fram að ég mælti mér mót við hvern einstakling útaf fyrir sig og lék fyrir viðkomandi upptökur af báðum verkunum – fyrst Nomos Alpha, svo Kottos. Eftir hvora hlustun bað ég um stutturða lýsingu á því sem hlustað var á, eða beint álit. Eftir það greindi ég frá hver Xenakis væri og hvaða verk við hefðum verið að hlusta á. Eftir það spurði ég þau nokkura spurninga sem ég hafði sett saman með það í huga að komast að því hvort verkið væri hugsanlega aðgengilegra.

Hér fyrir neðan er efnislegur útdráttur úr svörum viðmælendanna. Viðtölin í fullri lengd fylgja þar á eftir. Rétt er að hafa í huga að viðtölin fóru að stórum hluta fram í spjallformi og að einhver blæbrigðamunur kann að vera á einstökum spurningum.

3.1. Útdráttur úr viðtölum:

Líkaði þér tónlistin?:

E: Já, hún var mjög áhugaverð og skemmtileg.

M: Ég get ekki sagt hvort að mér finnst hún slæm eða góð, þetta er svo ólíkt því sem ég hef áður heyrt (Nomos Alpha) (M þóttist kannast við Kottos)

Ó: Þetta er ekki tónlist sem mér fellur við. Allavega ekki við fyrstu hlustun.

B: Já, þetta var mjög skemmtilegt og spennandi, mjög áhugaverð tónlist.

Getur þú hugsað þér að hlusta á verkin aftur?:

E: Já, ég var að hugsa um að hlusta á hana aftur þegar ég kem heim.

M: Já, en ekki daglega, og frekar á tónleikum

Ó: Ég efast um að mig langi til þess. Maður hlustar á/heyrir ýmislegt, en þetta höfðar ekki til mín.

B: Já, alveg gjarnan!

Hafðir þú meiri tilfinningu fyrir öðru verkinu en hinu?

E: Mér fannst þetta fyrra skemmtilegra, því það var meira í gangi (flóknara), og þar með meira hægt að ímynda sér.

M: Mér finnst erfiðara að lýsa Kottos, en finnst það þó kunnulegra, og auðveldara að tengjast því. Það er líka fyrirsjáanlegra.

Ó: Hvorugt aðgengilegt. Set þau á sama bekk.

B: Þetta er dálítið erfið spurning... Nomos Alpha er myndrænna/sjónrænna, en Kottos tilfinningalegra. Og kannski líkamlegra.

Hvort verkið fannst þér vera tilfinningalegra?

E: Þetta fyrra

M: Í fyrra verkinu fékk ég gæsahúð, eða svona hroll niðer eftir hryggnum

Ó: Verkin eru of löng til að ég geti haldið einbeitingu - utan við mitt skinsvið.

B: Seinnar verkið. Myndi frekar kalla upplifunina líkamlega... svona úúút... og svo upp... svona eins og maður einhvernveginn hentist og teygðist um og út, fram og til baka út frá manni sjálfum og þeim stað sem maður er staddur á þegar maður er að hlusta á tónlistina.

Upplifðir þú tónlistina sjónrænt?

E: Já, í seinna verkinu. Það var eins og rándýr að fela sig og stökkva og ráðast á eitthvað.

M: (M upplifði tónlistina sjónrænt, sá skordýr í báðum verkum).

Ó: Kött, smíðar, hlaup, vél-flugvél, gamall maður með hund, síðan sá ég ljós undir lokin á seinna verkinu. Ég var alltaf að reyna að kalla fram einhverjar myndir, ég hélt að það væri það sem ég væri beðinn um að gera.

B: Sjónrænt og tilfinningalega, og umfram allt líkamlega. Nomos Alpha meira sjónrænt.

Í hvoru verkanna var meiri saga?

E: Það var meira í gangi í seinna verkinu.

M: Seinna verkið var með meiri söguþráð.

Ó: Í hvorugu, enginn söguþráður, fannst þetta bara vera tónar sem hlaupa fram og aftur.

B: Það var meiri söguþráður í fyrra verkinu, meiri framvinda. Seinna verkið var á miklu meira skynjunar –og endurtekningaplani.

Eru verkin tvö lík eða ólík?

E: Svolítið ólík en þó lík.

M: Verkin eru ekki eins, jafnvel þótt þau minni mig bæði á skordýr. Það sem mér finnst líkt er hvað tónskáldið er óhrætt við að skapa andstæður.

Ó: Mjög erfitt að greina á milli.

B: Ekki eins, alls ekki, nema að hljóðfærið er það sama í báðum, en það er notað allt öðru vísi í hvoru stykki fyrir sig. Það var svo ólík áferðin á þeim: Þetta fyrra var miklu meira sundurlausara, með öllum þessum þögnum... truflunum... Seinna var taktfastara og fullt af endurtekningum, en samt mjög blæbrigðaríkt.

Hvar finnst þér tónlistin eiga heima, eða hvar sérðu hana helst fyrir þér?

E: Í nútíma fiðlu tónlist, og í Afríku.

M: Í heimildarmynd um skordýr.

Ó: Þetta gæti verið fyrsta verk á tónleikum. Svona stutt intro. Þannig að maður fái eitthvað betra á eftir.

B: Fyrri gæti verið kvikmyndatónlist, við svarthvítar myndir frá upphafi síðustu aldar...

Film Nouvelle... Ég sé þessa tónlist fyrir mér á einleikstónleikum... jafnvel í kirkju...

allavega ekki á torgi.

Hlustarðu á álíka tónlist?

E: Nei, eiginlega ekki. Ég hlusta mest á fiðlutónlist.

M: Þetta er mjög ólíkt því sem ég hlusta á venjulega.

Ó: Nei, og ef þá ekki til ánægju.

B: Myndi ég setja þetta á fóninn?... Já og nei... Ég myndi allavega ekki skrúfa niður í þessu ef þetta kæmi upp í útvarpinu.

Hefurðu heyrt álíka tónlist á tónleikum:

E: Já, með hljómsveit

M: Nei, aldrei heyrt neitt líkt þessu (NA)

Ó: Nei, ekki eins og þessa. Og ekki mér til ánægju.

B: Mér finnst skemmtilegt að fara á tónleika og sjá svona tónlist spilaða.

3.2. Viðtölin í heild

25. nóv. 2017 – M:

M. er 14 ára drengur sem hefur lært á píanó frá því hann var fimm ára.

Fyrstu viðbrögð: NOMOS ALPHA

RJ: Okidók, þetta var fyrra dæmið

M: Ég get ekki sagt hvort að mér fannst það gott eða slæmt, útaf því að ég hef aldrei heyrt neitt sem var nærri því líkt þessu verki!

(...)

RJ: Hvað kom upp í hugann þegar að þú varst að hlusta?

M: Ég sá fyrir mér/ ímyndaði mér svona margfætlur að skríða eftir veggjum. Þær ferðast mjög hratt, síðan geta þær snarstansað þegar þær koma auga á eitthvað sem þeim finnst ógnandi eða áhugavert. Síðan mjaka þær sér hægt aftur af stað, og svo halda þær áfram að hlaupa um. Ég var að læra um þetta í skólanum.

RJ: Já vá, flott! Í náttúrufræðitímum þá?

M: Já. Stundum minnti mig þetta á býflugnabú, þegar það voru allar þessar „fiðlur“ fljúgandi alls staðar. Minnti mig mjög á býflugur. Ætli þetta minni mig ekki bara yfir höfuð á allskonar skordýr!

RJ: Þegar þú segir það, þá hefur þetta minnt mig líka á skordýr!

RJ: En er eitthvað meira sem kemur upp í hugann?

M: Já það var eitt sem mér fannst dálítið skrítið við stykkið, og kannski vera helsti gallinn á því, hvað það var alltaf að stoppa. Kannski var eitthvað í gangi, og svo allt í einu gerðist ekkert í næstum fimm sekúndur, og þá hélt ég að stykkið væri kannski búið. Annars dettur mér ekkert meira í hug.

RJ: Já ég fatta. En það gæti líka verið að það væri hátölurinum á tölvunni að kenna, það heyrir dálítið lágt í henni.

(...)

RJ: Þá skulum við hlusta á seinna dæmið.

Fyrstu viðbrögð: KOTTOS

M: Þessu stykki er aðeins erfiðara að lýsa. Það minnti mig oftast á flær. Flær hoppandi um. Stundum hljómaði þetta eins og einhver með flær. Jú, ætli það sé ekki það sem þetta er, einhver sem er allur út í flóm,

og er alveg að brjálást! Fyrir utan það finnst mér ég kannast við stykkið, eða hafa heyrt eitthvað svipað áður, og fannst það mjög gott.

RJ: Mjög gott. Glæsilegt. Þá ætla ég að segja þér aðeins frá því sem við vorum að hlusta á.

(Segi frá X., tónsmíðum hans, Kottos og Nom. A., og svo spurningar.)

RJ: Ok. Iannis Xenakis. Hvað finnst þér? Hver er fyrsta impressjónin?

M: Mér finnst hann á sama tíma virka eins og mjög gáfaður og virðulegur maður, en líka eins og algjör „lunatic! Ég hef það líka á tilfinningunni að hann sé algjörlega óhræddur við að framkvæma þær tilraunir sem honum finnst áhugaverðar, virkar eins og hann sé óhræddur við að sjá hvað gerist „ef ég geri þetta, eða þetta...“ . Ég held að það lýsi honum mest.

RJ: Algjörlega. Hann var vísindamaður í einu og öllu.

RJ: En myndirðu segja að þér hafi líkað við þetta? Var þetta eitthvað sem þér fannst auðvelt að hlusta á eða tengja við?

M: Aftur, mér fannst eins og ég hafi heyrt seinna tónverkið aftur, þannig að mér fannst frekar auðvelt að tengjast því. Í fyrra tónverkinu hafði ég ekki hugmynd um hvað myndi gerast næst!

RJ: Þannig að þú hafðir ekki góða tilfinningu fyrir framvindunni? Þér fannst þú ekki getað fylgt því?

M: Já, mér fannst mun erfiðara að fylgja því. Í hinu stykkinu fannst mér ég geta betur heyrt hvað myndi koma næst, þú veist, svona „núna kemur þessi hljómur, og svo svona og svona“.

RJ: Fannst þér stykkin lík eða ólík? Fannst þér vera mikill svipur með þeim?

M: Það sem ég tók eftir í báðum stykkjunum var hvað hann var óhræddur að, þú veist, svona „crash-a“ algjörlega á hljóðfærinu, og svo allt í einu spila rosalega létt og gætilega, og hoppa þar á milli.

RJ: Þannig að þér fannst þú finna fyrir miklum styrkleikalegum „kontröstum“?

M: Já, og ekki hræddur við það.

RJ: Upplifðir þú stykkin eins?

M: Nei, jafnvel þótt þau minntu mig bæði á skordýr.

RJ: Finnst þér þú hafa þurft að hlusta öðruvísi á þessi stykki en þegar þú hlustar venjulega á tónlist?

M: Já, af því þetta er mjög ólíkt því sem ég hlusta á venjulega.

RJ: Ok. Þannig að þú upplifðir tónlistina mjög sjónrænt þar sem þú talar mikið um skordýr. Finnst þér þú fá eitthvað tilfinningalegt við að hlusta á hana?

M: Í fyrra verkinu fékk ég á einum stað smá gæsahúð. Eða eins og einhver hefði tekið dropamæli og látið kaldan dropa renna eftir hryggnum á mér þannig að ég fengi hroll.

RJ: Hafði annað hvort stykkið meiri söguþráð heldur en hitt?

M: Já, ég myndi segja að það seinna væri með aðeins meiri söguþráð.

RJ: Hvort stykkið mundirðu segja að væri aðgengilegra?

M: Ég held að ég hafi tengt meira við Kottos, en það gæti líka verið útaf því að ég var búinn að hlusta á hitt stykkið á undan, þannig að ég var orðinn vanur hljómunum.

RJ: Myndir þú vilja hlusta á meira af álíka tónlist?

M: Já, þetta hljómar eins og svona tónlist sem ég myndi ekki hlusta á daglega, en myndi kannski hlusta á öðru hverju.

RJ: Myndir þú hlusta á hana heima hjá þér?

M: Já.

RJ: En er þetta tónlist sem þú myndir frekar hlusta á heima hjá þér en á tónleikum?

M: Ætli ekki frekar á tónleikum.

RJ: Myndir þú spila þessa tónlist fyrir annað fólk?

M: Nei!

RJ: Í hvaða kringumstæðum finnst þér þessi tónlist helst eiga heima?

M: Í heimildarmynd um skordýr.

25. nóv. 2017 hlustun – E.

E. er 10 ára stúlka sem hefur spilað á fiðlu frá þriggja ára aldri, og er yngsti viðmælandinn.

NOMOS ALPHA

Mér fannst verkið vera mikið nútímaverk og það er örugglega mjög erfitt að spila það, svolítið öðruvísi en venjuleg verk, því að það er notað pizzicato og það er slegið á hljóðfærið sjálft. Í því er nútímaleg og framandi tækni, verkið er langt og því margir ólíkir kaflar, sem tengdust saman þótt þeir væru ólíkir og skrítnir. Tónninn var stundum laus og ofan á strengnum, en líka innan í strengnum og þá sterkur. Í verkinu eru andstæður og margvíslegir, fjölbreytilegir þættir.

Þó að verkið sé skrítið þá er það samt líka flott á meðan maður er að hlusta á það, og af því að það var flott, langaði mann að hlusta meira, þótt að það væri skrítið. Verkið er erfitt og þarf að æfa það mikið til að spila það vel.

Tónverk eftir t. d. Mozart og Bach eru svona „venjuleg“, svona eins og barokk eða rómantík. En þetta tónverk er svona „mix“ (blanda) af öllu sem hefur komið fyrir í tónlist áður.

KOTTOS

Þetta lag er meira og minna eins og hitt lagið, en þó svolítið öðruvísi. Þetta er líka nútímalag með glissando og háum nótnum, en sett saman úr líkari pörtum, ekki eins flókið, meira hægt að hugsa hvað þetta var, hvað var í gangi (einfaldara). Samt ekki hægt að sjá jafn vel hvað er í gangi eins og t.d. í barokk-verkum – og þess vegna kannski meira gaman því það er hægt að ímynda sér, kannski einn partur blóm að blómstra, annar partur fugl að fljúga. Þannig lög eru skemmtileg, þótt þau séu skrítnin. Þetta verk er erfitt að spila – eins og afrísk lög – ein ekki eins flókið og fyrra verkið.

SPURNINGAR: (1 – Nomos Alpha. 2 – Kottos)

Líkaði þér tónlistin?

Já, hún var mjög áhugaverð og skemmtileg.

Getur þú hugsað þér að hlusta aftur á verkin?

Já, ég var að hugsa um að hlusta aftur þegar ég kem heim.

Hafðir þú meiri tilfinningu fyrir öðru verkanna en hinu?

Mér fannst þetta fyrra skemmtilegra, því að það var meira í gangi (flóknara), meira hægt að ímynda sér.

Hvort verkið fannst þér vera tilfinningalegra?

Þetta fyrra!

Sástu eitthvað sjónrænt fyrir þér?

Já, í seinna verkinu. Það var eins og rándýr að fela sig, stökkva, eða ráðast á eitthvað.

Í hvoru verkanna var meiri saga?

Það var meira í gangi í seinna verkinu.

Eru verkin tvö ólík?

Svolítið ólík – en þó lík.

Eru verkin eftir sama tónskáld?

Já.

Hvar finnst þér tónlistin eiga heima?

Í nútíma fiðlutónlist, og í Afríku.

Hlustarðu á álfka tónlist?

Nei eiginlega ekki, hlusta mest á fiðlutónlist

Hefur þú heyrt svona á tónleikum?

Já með hljómsveit.

27. nóv. 2017 Hlustun – Ó.

Ó. er 71 árs byggingaverkfræðingur á eftirlaunum. Sækir reglulega ýmsa tónleika.

NOMOS ALPHA

Ó: Fyrst fannst mér eins og einhver væri kitlaður, svo fannst mér ég vera kominn niðrí bílskúr hjá mér að smíða, síðan var einhver þarna á harða hlaupum, svo heyrði ég í einhverri vél – helst flugvél held ég bara, og að lokum sá ég einhverja mynd af gömlum manni með hund.

RJ: Einhverjar frekari skoðanir?

Ó: Nei ekkert sérstaklega. Þetta er bara músík sem ég er ekki vanur að hlusta á.

RJ: Ekki vanur að hlusta á...

Ó: Já, mér finnst þetta vera fyrir utan mitt skinsvið eiginlega.

(Tölum um lengdina á hlustunardæmunum, Ó. finnst erfitt að einbeita sér svona lengi)

KOTTOS

Ó: Þetta er eiginlega of langt til að maður geti haldið sér einbeittum.

RJ: Já þetta er mjög krefjandi hlustun.

Ó: Já... Allavega, ég heyrði fyrst í svona háþrýsti vatnssprautu. Svo man ég ekki, á einhverjum tímapunkti heyrði ég svo í brunabíl, svo börn að leik... og svo heyrði ég nú bara einhvern hljóðfæraleikara að spila sama tóninn aftur og aftur og aftur... aftur og aftur og aftur, og enn og aftur... já, ég veit ekki hvað ég á að segja meir.

RJ: Þannig að þér fannst mjög erfitt að greina hvað þú varst að hlusta á á einhverjum tímapunkti?

Ó: Já, ég sá ekkert út úr þessu. Ég vil samt bæta við að mér fannst ég sjá einhverskonar ljós undir lokin á seinna stykkinu.

SPURNINGAR

RJ: I.X., yfirhöfuð, líkaði eða líkaði þér ekki? Hvað fannst þér?

Ó: Þetta er ekki tónlist sem mér fellur við. Allavega ekki við fyrstu hlustun.

RJ: Hefurðu hlustað á álíka tónlist áður?

Ó: Nei, ekki eins og þessa. Og ekki mér til ánægju, það er alveg á hreinu.

RJ: Þú myndir ekki vilja hlusta á hana aftur?

Ó: Nei.

RJ: Myndirðu hlusta á eitthvað álíka aftur?

Ó: Ég efast um að mig langi til þess sko. Maður hlustar nú á/ heyrir ýmislegt, en þetta höfðar ekki til mín.

RJ: Hvernig upplifðir þú tónlistina? Tilfinningalega? Sjónrænt? Á einhvern annan máta?

Ó: Ég var alltaf að reyna að framkalla einhverjar myndir, mér fannst það vera það sem ég var beðinn um.

RJ: Já, ég var ekki endilega að krefjast neinnar sérstakrar upplifunar, bara forvitinn um fyrstu viðbrögð við þessari tónlist. Það er t.d. allt í góðu lagi ef þetta er eitthvað sem gerði ekki neitt fyrir þig, ef þér finnst þetta leiðinlegt þá finnst þér þetta bara leiðinlegt...

Ó: Já, mér fannst þetta ekki skemmtilegt.

RJ: Þannig að þér fannst þetta mjög krefjandi hlustun? Fannst þér þú þurfa að fara í ákveðið hugarástand til að hlusta á hana?

Ó: Já, mér fannst þetta krefjandi. Af því ég var að einbeita mér svo mikið við það AÐ hlusta.

RJ: Þannig að þér finnst þér þú ekki geta hlustað á þessa tónlist á þann hátt sem þú hlustar venjulega á tónlist?

Ó: Nei, það held ég ekki.

RJ: Fannstu fyrir söguþræði í tónlistinni? Og ef, var það þá meira í öðru stykkinu en hinu?

Ó: Nei. Ekki neitt. Ég skynjaði engan þráð í þessu. Mér fannst þetta bara vera tónar sem hlupu fram og til baka.

RJ: Hvað fannst þér líkt á milli stykkjana? Hvað ólíkt?

Ó: Mér fannst þau mjög lík. Það var þetta hlaupandi spilverk. Bara afar lík.

RJ: Ekkert ólíkt?

Ó: Nei. Ekkert sem að ég gríp.

RJ: Þannig að þú myndir ekki meta annað þeirra aðgengilegra en hitt?

Ó: Nei, ég myndi ekki segja það. Ég set þau alveg á sama bekk.

RJ: Er þetta tónlist sem þú myndir hlusta á heima hjá þér?

Ó: Nei, þetta er ekki tónlist sem ég myndi hlusta á heima hjá mér. Það gæti verið að ég myndi hlusta á hana á tónleikum.

RJ: Þannig að það væru kringumstæður sem þú myndir vera opnari fyrir að hlusta á álíka tónlist?

Ó: Jájá, maður heyrir ýmislegt á tónleikum. En ég myndi ekki hlusta á þetta heima hjá mér.

RJ: Heldurðu að það myndi hjálpa tónlistinni að sjá hana flutta frekar en einungis heyra hana? Eða hafa eitthvað sjónrænt með í gangi?

Ó: Já... ég gæti frekar séð þetta fyrir mér á tónleikum. Þá sé ég spilarann. Myndi frekar sjá það fyrir mér... Já, jafnvel hvort það gerði þetta ekki aðgengilegra.

RJ: Í hvaða kringumstæðum finnst þér þessi tónlist helst eiga heima? Af hverju?

Ó: Já... þetta gæti verið svona fyrsta verk á tónleikum. Svona stutt intro á tónleikum. Þannig að maður fái eitthvað betra á eftir.

27. nóv. 2017 Hlustun – B.

B. er 68 ára tungumálakennari og áhugakona um tónlist, sem og aðrar listgreinar.

NOMOS ALPHA

B: Mér fannst þetta skemmtilegt, og spennandi. Ég fór að spá þegar ég var að hlusta á þetta að þetta færi vel með mynd, væri gaman að sjá einhverskonar myndskreið með þessari tónlist. Svona einhverja sögu. Síðan fór ég líka að hugsa hvort þetta væri bara eitt hljóðfæri?

RJ: Já.

B: Engin rafmögnun eða neitt?

RJ: Nei.

B: Áhugavert. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt, mjög spennandi, mjög áheyrilegt, og var alltaf svo forvitin um hvað myndi gerast næst!

RJ: Mjög gott. Kom eitthvað annað upp í hugan? Kannski eitthvað sem þú varst ekki endilega að búast við?

B: Ég veit ekki. Þetta kom raunverulega allt á óvart. Það var eitthvað við þagnirnar inn á milli... Held það sem mér kom helst á óvart var breiddin á hljóðfærinu, ég var stundum að velta fyrir mér hvort þetta væri rafmagnað, eða hvort það væru einhver önnur hljóðfæri með, því mér fannst ég heyra svo ótrúlega mikla breidd- ótrúleg breidd sem hljóðfærið hefur. Það var það sem helst kom mér á óvart: hljóðfærið gat svo mikið!

KOTTOS

B: Þetta er náttúrulega allt öðruvísi. Sko, eins og ég upplifi þetta, þá eru þetta kaflar af endurtekningum. Þannig að hver kafli endurtekur ákveðna hugmynd aftur og aftur, en samt sem áður er þetta mjög blæbrigðaríkt. Þetta er taktfastara en fyrra stykkið, og samfelldara. Hitt stykkið var miklu meira brotið upp með öllum þögnunum. Ég fann líka fyrir rýminu í tónlistinni, og textúrunum í rýminu. Ég er þínu svona aspergers þegar ég hlusta á tónlist, þannig að stundum fór ég rosalega... (teygir hendurnar upp í loft) háááátt

upp, og svo aftur niður en (teygir sig útá við)... svona úúúút. Maður hennist um eins og teygja! Áferðin á öllu verkinu var líka allt öðruvísi en því fyrra, alls ekki svona... truflandi.

SPURNINGAR

RJ: I.X., yfir höfuð, líkaði eða líkaði þér ekki?

B: Mjög áhugaverð tónlist, mjög áhugaverð og áheyrileg verk. Mjög modern. Gerði mér ekki grein fyrir að þetta væri sama tónskáldið sem hafði skrifað bæði verkin. Eitthvað í tónlistinni hans sem minnti mig aðeins á djass, samt ekki alveg nægilega...

RJ:Hvað var það sem minnti þig á djass

B: Æji... það er þessi tónn... þetta sound...

RJ: Hvernig upplifðir þú tónlistina? Sjónrænt? Tilfinningalega? Á einhvern annan veg?

B: Sjónrænt og tilfinningalega. Og kannski meira líkamlega, eins og ég var að tala um rýmið og áferðina á tónlistinni, og hvernig maður ferðaðist inni í því. Fyrra verkið var mun línulegra, og sjónrænna. Ég var alltaf að heyra og sjá fyrir mér svona gamaldags lest. Seinna verkið var.. já eins og ég sagði: Svona úúúút... og svo upp... svona eins og maður einhvernveginn hentist og teygðist um og út, fram og til baka út frá manni sjálfum og frá þeim stað sem maður er staddur þegar maður er að hlusta á tónlistina.

RJ: Þannig að þér fannst tónlistin... svona... toga þig með í þær áttir sem hún fór?

B: Já, nákvæmlega.

RJ: Fannst þér þú finna fyrir söguþræði í tónlistinni hans?

B: Já í fyrra stykkinu. Hitt var á miklu meira skynjunar- og endrutekningaplani. Framvindan í fyrra stykkinu var meira síáframhaldandi, miklu meira fram á við.

RJ: Finnst þér þessi tónlist aðgengileg? Hvort stykkið myndir þú segja að væri aðgengilegra?

B: ... Þetta er dálítið erfið spurning! Já, mér finnst þetta nokkuð aðgengileg tónlist, og mjög áhugaverð og skemmtileg. Sko, eins og ég var að segja þér, fyrra stykkið sá ég fyrir mér eins og það gæti verið kvikmyndatónlist, eins og hún gæti farið vel með svona svarthvítum myndum frá upphafi síðustu aldar og kvikmyndaaldarinnar. Film Nouvelle og svoleiðis...

RJ:Upplifðir þú verkin eins?

B: Nei, alls ekki. Ekki nema að hljóðfærið er það sama, en það er notað allt öðruvísi í hvoru stykki fyrir sig.

RJ: Þannig að þér finnst þau nokkuð ólík?

B: Já

RJ: Hvað myndir þú segja að væri líkt?

B: Ja, náttúrulega hljóðfærið.

RJ: Myndir þú hlusta á svona tónlist aftur?

B: Já alveg gjarnan!

RJ: Myndir þú hlusta á svona tónlist heima hjá þér?

B: Myndi ég setja þetta á fóninn?.. Sko, já og nei. Mér finnst skemmtilegra að fara á tónleika og sjá svona tónlist spilaða.

RJ: Þannig að þú myndir frekar vilja upplifa þetta á tónleikum?

B: Já, ég held að ég myndi frekar gera það. Það er líka það að getað séð hljóðfæraleikarann glíma við þetta frekar en að heyra einungis.

RJ: Þannig að það myndi hjálpa tónlistinni að hafa eitthvað sjónrænt með?

B: Já, það myndi magna upp reynsluna. En ég myndi alveg hlusta á þetta ef það kæmi upp í útvarpinu eða eitthvað svoléiðis.

RJ: Í hvaða kringumstæðum finnst þér þessi tónlist helst eiga heima?

B: Já, þú segir nokkuð... ég sé þetta fyrir mér náttúrulega á tónleikum... einleikstónleikum náttúrulega... jafnvel í kirkju... maður myndi nú ekki fara með svona á torg... en ég held samt að fólk myndi alveg stoppa og hlusta á svona tónlist ef það gengi fram á einhvern að spila hana.

3.3. Niðurstaða úr viðtölum:

Þegar skoðuð eru svör hlustendanna, þá er sjón- eða myndræn upplifun eitthvað sem öll fjögur eiga sameiginlegt. Verkin eru ný og framandi fyrir öllum, en upplifunin af hlustuninni er ekki öllum jafn jákvæð eða ánægjuleg. Ó. fellur ekki við tónlistina, allavega ekki við fyrstu hlustun, finnst þau erfið áheyrnar, utan síns skynsviðs, og yfirhöfuð ekki

skemmtileg. *M.* notar orðin „hvorki vont né gott“ um Nomos Alpha, en finnst eins og hann hafi heyrt Kottos áður, sem gæti verið vegna þess að hann var orðinn vanur hljómnunum af tónlistinni eftir að hafa heyrt Nomos Alpha á undan. *B.* lýsir sinni upplifun með orðunum „skemmtilegt, spennandi, kom á óvart“. Hún talar líka um „ótrúlega breidd“ í hljóðfærinu eftir að hlusta á Nomos Alpha, hvað hljóðfærið gat mikið, og hvað hún væri alltaf forvitin um hvað myndi gerast næst. *E.* lýsir tónlistinni með orðunum áhugavert og skemmtilegt, og segir að tónlistin sé flott. Hún er eini hlustandinn sem gerir sér raunverulega grein fyrir hvað verkin eru krefjandi fyrir flytjandann (sem nemandi á strengjahljóðfræði).

Þegar kemur að því að greina mismun á upplifun viðmælenda eru svörin mjög áhugaverð. *Ó.* upplifir engan mun milli verkanna, meðan að hinir viðmælendurnir segja verkin vera mjög ólík. Áhugavert er að *B.* fer að tala um Djass eftir að hafa hlusta á Kottos, sem mér finnst ríma við athugasemd *E.* um sama verk þar sem hún fer að tala um afríska tónlist, og að henni finnist tónlistin eiga heima þar.

Lokaorð

Viðbrögð viðmælenda gefa ekki til kynna að það sé sjálgefið að það megi áætla að annað verkið sé aðgengilegra en hitt við fyrstu kynni. Hins vegar tek ég eftir því í svörunum, að meirihluti viðmælenda telur fleiri atriði í Kottos minna sig á eitthvað sem er kunnulegt fyrir þeim. *M.* segir beint að honum finnist hann hafa heyrt verkið áður, *E.* talar um að það minni sig á afríska tónlist, og *B.* segir að það minni sig á djasstónlist á köflum. Viðmælendurnir minnast líka á að Kottos sé „fyrirsjáanlegra“ og „einfaldara“, sem ég tel vera útaf samfelldri framvindu verksins í samanburði við brotakennt flæði Nomos Alpha. Nomos Alpha virðist þó vera mun sjónrænna í upplifun. Það væri vissulega áhugavert að leggja verkið fyrir stærri hóp hlustenda og fylgja því eftir með endurtekinni hlustun yfir lengri tíma.

Hvað varðar mínar eigin skoðanir er ég mjög hrifinn af tónlist Xenakis og held mjög mikið upp á Kottos. Kannski er það vegna þess, að það var með fyrstu verkunum sem ég heyrði eftir hann, en ég varð strax uppnúminn af forneskjulegri, frumstæðri og ágengri orku tónlistarinnar. Ég hef haft mun styttri kynni af Nomos Alpha, og fékk ég ekki að kynnast verkinu almennilega fyrr en ég við undirbúning þessarar ritgerðar. Mér finnst

verkið að mörgu leiti alveg jafn órætt og áður en ég fór að kafa dýpra í innviði þess og tilurð, og held að það muni halda áfram að virðast þannig fyrir mér við frekari kynni.

Mér þykir mikilvægasti lærdómurinn, sem draga má af þessum samanburði vera sú satðreynd, að þegar við kjósum að leggja hlutlægt mat á tónlistina, þá verður niðurstaðan oft mun huglægari en við ætluðum. Í því samhengi langar mig að vitna óbeint í orð sem ég hef heyrt höfð eftir Þorsteini Gylfasyni (1942-2005) prófessor og heimsspekingi:

„Á meðan heimsspekinni er ætlað það hlutverk að sanna allt, þá hefur tónlistin frelsið til að sanna nákvæmlega ekki neitt.“

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Bálint András Varga, *Conversations with Iannis Xenakis*, Faber & Faber 1996, ISBN 0-571-17959-2

James Harley, *Xenakis: His Life in Music*, Routledge 2011, ISBN 13: 978-0-415-97145-4

Iannis Xenakis, *Formalized Music: Thought and Mathematics in Music*, Pendragon 1992, ISBN 0-945193-24-6

Benoit Gibson, *Iannis Xenakis Series No. 3: The Instrumental Music of Iannis Xenakis*, Pendragon Press 2011, ISBN 978-1-57647-161-6

Jan Vriend, „Nomos Alpha“ for Violoncello Solo (Xenakis 1966) Analysis and Comments, *Interface*, vol. 10 (1981), pp. 15-82, Kopie von Subito e.V., geliefert für National University Library of Iceland (SLI02X00899E)

Sharon Kanach, *Iannis Xenakis Series No. 2: Permmforming Xenakis*, Pendragon Press 2010, ISBN 978-1-57647-191-3

Vefheimildir:

Thomas DeLio, „Nomos Alpha“: The Dialectics of Structure and Materials, *Journal of Music Theory*, vol. 24, No. 1 (Spring, 1980), pp. 63-95, Duke University Press on behalf of the Yale University Department of Music. Sótt 3. desember 2017 af <http://www.jstor.org/stable/843739>

James Harley. Ártal óþekkt. Sótt 17. nóvember 2017 af

<https://www.allmusic.com/composition/nomos-alpha-for-cello-mc0002362075>

James Harley. Ártal óþekkt. Sótt 17. nóvember 2017 af

<https://www.allmusic.com/composition/kottos-for-cello-mc0002385263>

Viðtöl:

Sjá eigin viðtöl höfundar við hlustendur á bls. 24-33

Annað efni:

Iannis Xenakis 1965, Nomos Alpha for Violoncello Solo, Boosey & Hawkes Copyright
1967, B. & H. 19617, ISMN M-060-06418-0

Iannis Xenakis 1977, Kottos for Solo Cello, Éditions SALABERT Copyright 1977, EAS
17296 p, ISMN 979-0-0480-2389-5